

# STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2004

Nr. 162

552

19. febrúar 2004

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 523, 8. júní 2003,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004.

1. gr.

Í stað: „497.345 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 737.345 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 163

19. febrúar 2004

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, J-reita, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. febrúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingin felst í því að í stað eininga með einbýlishúsi og parhúsi á tveimur hæðum ásamt sérstæðum bílgeymslum komi einbýlishús með innbyggðri eða sérstæðri bílgeymslu og parhús á 1-2 hæðum með innbyggðum bílgeymslum.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 19. febrúar 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin,** skipulags- og byggingarfulltrúi.